



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

25. fundur stjórnar 2024-2025 miðvikudaginn 7. maí 2025

kl. 9.00 - 11.00 í Borgartúni 27 og á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Eyja Margrét Jónhönnu Brynjarsdóttir, Guðný Björk Eydal og Zophonías Oddur Jónsson.

Á Teams: Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Þóroddur Bjarnason.

Forföll: Ólafur Páll Jónsson og Hermína Gunnþórsdóttir.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 24. stjórnarfundar frá 25. apríl 2025 lögð fram til afgreiðslu.
2. Ársreikningur 2024. Til afgreiðslu. (Fskj. 1)
3. Aðalfundur FPR.
4. Fundur trúnaðarmannaráðs.
5. Ritlauna- og starfsþróunarsjóður prófessora. Framhald.
6. Breytt fyrirkomulag á fæði og mataraðstöðu hjá HÍ. Framhald. (Fskj. 2a-c)
7. Næsti fundur
8. Önnur mál

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 9.10.

1. Fundargerð 24. stjórnarfundar frá 25. apríl 2025 lögð fram til afgreiðslu.

Fundargerðin er ekki tilbúin. Lagt var til að fundargerðin verði afgreidd í tölvupósti ásamt fundargerð þessa fundar.

2. Ársreikningur 2024. Til afgreiðslu. (Fskj. 1)

Breyting var gerð á ársreikningnum frá síðasta fundi. Skoðunarmenn félagsins eru búnir að fara yfir hann og tilbúnir að árita hann. Stjórn samþykkti ársreikninginn sem fer í rafræna undirritun eftir fundinn.

3. Aðalfundur FPR.

Drög að skýrslu stjórnar er komin inn á Teams. Stjórn var beðin um að koma með athugasemdir eða tillögur að breytingum fyrir lok dags.

Lagt var til að stjórn óski eftir umboði aðalfundar til að taka upp viðræður við önnur stéttarfélög með sameiningu akademíks starfsfólks hjá opinberu háskólunum í huga í eitt félag. Tillagan var samþykkt og verður tekin fyrir á aðalfundinum undir liðnum um önnur mál.

Ákveðið var að taka einnig fyrir málefni Sáttamálsjóðs en HÍ hefur ekki veitt fé í sjóðinn í tvö ár, 2024 og 2025.

4. Fundur trúnaðarmannaráðs.

Fundur trúnaðarmannaráðs sem áætlaður var í lok mars var frestað vegna kjarasamninga. Stefnt er að fundi ráðsins fljótlega eftir aðalfund.

5. Ritlauna- og starfsþróunarsjóður prófessora. Framhald.

Rætt var um skipan starfshóps um reglur Ritlauna- og starfsþróunarsjóðs prófessora til að rýna betur í niðurstöður könnunar um sjóðinn sem félagið stóð fyrir í nóvember sl. Þá verði kannað hvernig hægt er að meta betur starfsþætti sem núverandi kerfi nær ekki að meta. Niðurstöður ofrangreindrar könnunar voru kynntar á félagsfundi þann 22. janúar eins og fram kemur í fundargerð stjórnar frá 24. janúar sl.

Samþykkt var að Guðný Björk Eydal, Félagsvísindasviði HÍ verði formaður hópsins. Aðrir fulltrúar í hópnum:

- Eyja Margrét Jóhönnu Brynjarsdóttir, Hugvísindasviði HÍ
- David Reimer, Félagsvísindasviði og Menntavísindasviði HÍ
- Sigurður Örn Stefánsson, Verkfræði- og náttúruvísindasviði HÍ
- Margrét Helga Ögmundsdóttir, Heilbrigðisvísindasviði HÍ

Þá verði Rúnar Vilhjálmsson, Heilbrigðisvísindasviði HÍ í hópnum með sína sérþekkingu á kerfinu.

6. Breytt fyrirkomulag á fæði og mataraðstöðu hjá HÍ. Framhald. (Fskj. 2a-c)

Málið var rætt á síðasta fundi. Ákveðið var að setja fæðisfé og mótuneytismál hjá HÍ á dagskrá aðalfundar undir liðnum um önnur mál og skrifa ályktun um málið.

7. Næsti fundur.

Næsti fundur verður ákveðinn eftir aðalfund.

8. Önnur mál.

a) Ofgreiðsla launa þann 1. maí síðastliðinn.

Í kjölfar undirritun kjarasamnings var gerð leiðrétting á greiðslum við launakeyrslu 1. maí afturvirkta frá 1. apríl 2024. Mistök áttu sér séð við launavinnsluna en margir fengu ofgreitt. Svo virðist sem að kennsluþyrfinna hafi verið greidd á fullum taxta.

Rætt var um viðbrögð félagsins við því og hvernig staðið er að upplýsingagjöf til þeirra sem málið varðar. Formaður hefur kallað eftir nánari upplýsingum um málið frá launagreiðanda og leitað ráðgjafar hjá lögmanni BHM um hvernig félagið hagi réttindavörslu vegna málsins.

b) Fræðsludagur Jafnlaunastofu um virðismat starfa. (Fskj. 3a-b)

Fram kom á síðasta fundi að Jafnlaunastofa verður með námskeið sem ber heitið Virðismatskerfi í þágu launajafnréttis. Sigrún og Ragna eru skráðar þann 12. maí ásamt Gylfa Magnússyni sem er fulltrúi félagsins í bakhópi BHM um málið. Samþykkt var að sækja um styrk til Starfsþróunarsjóðs prófessora fyrir námskeiðsgjöldunum. Vert er að geta þess að Starfsþróunarsjóður BHM styrkir þá félaga sem eiga aðild að þeim sjóði vegna þátttöku á námskeiðinu.

c) Skrifstofuhúsnæði félagsins í Borgartúni 27.

Skrifstofa félagsins leigir skrifstofuhúsnæði í Borgartúni 27 ásamt níu öðrum aðildarfélögum BHM. Leigusamningurinn rennur út þann 1. júlí nk. Framkvæmdastjóri upplýsti að félögin hafi áhuga á að framlengja samninginn og er það mál í skoðun meðal annars með hliðsjón af lengd samningsins og hækkun á leiguverði. Framkvæmdastjóri aflar nánari upplýsingar.

d) Norrænt samstarf.

Hólmfríður Garðarsdóttir hefur tilkynnt að hún vilji hætta sem fulltrúi FPR í starfshópi um akademískt frelsi sem heyrir undir norrænt samstarf háskólafélagana en hún er fulltrúi félagsins í hópnum ásamt Henry Alexander Henryssyni. Ákveðið var að skoða málið betur áður en ákvörðun er tekin um fulltrúa í hennar stað.

Hólmfríður leggur til að félagið bjóði Henry til að taka þátt á fundi norræna samstarfsins í Finnlandi í júní og var það samþykkt.

e) Málþing FPR um stöðu og framtíð HÍ.

Málþing FPR, Akademía á tímamótum - Staða og áskoranir Háskóla Íslands, sem haldið var þann 29. apríl í samstarfi við Vísindafélag Íslands gekk vel. Um 70 manns tóku þátt og var um helmingurinn á Teams.

f) Styrktarsjóður BMH.

Fundur fulltrúaráðs Styrktarsjóðs BHM var þann 29. apríl sl. Framkvæmdastjóri mætti á fundinn sem fulltrúi FPR. Á fundinum var Guðný Björk Eydal kosin varamaður í stjórn sjóðsins.

g) Þrír fulltrúar eru að hætta í stjórn félagsins, þau Guðný, Ólafur Páll og Þóroddur og var þeim þakkað fyrir samstarfið.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 11.10.

Fundarritari: LÞ.